

Nr. 21-045 S 031 Ottó N Þorláksson VE 5***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr.: 1578
IMO: 7811214
Smíðaður: Stálvík, 1981, stál
Útgerð: Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Stærð: 485,46 brl. 878 bt.
Mesta lengd: 57,0 m *Skráð lengd:* 50,55 m
Breidd: 10,30 m *Dýpt:* 7,30 m
Vél: MAK, 1619 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 16



Ottó N Þorláksson©Eyjafréttir

Gögn:

Lögregluskýrsla

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. apríl 2021 var Ottó N Þorláksson VE 5 við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverji var við viðhaldsvinnu um borð og með varahluti í báðum höndum þegar hann féll í stiga á efri íbúðargangi skipsins. Við fallið fótbrotnaði hann.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var í miðjum stiganum þegar hann steig of langt fram fyrir sig þannig að hann féll;
- að handrið var öðru megin í stiganum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en minnir sjómenn á að hafa ávallt aðra hönd á handriði þegar gengið er um stiga um borð í skipum.



Myndin sýnir stigann þar sem slasaði féll